

MENNTAÞING 2010



Katrín Jakobsdóttir á Menntaþingi 5. mars

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð fyrir menntaþingi þann 5. mars síðastliðinn undir yfirskriftinni „Heildstæð menntun á umbrotatímum“. Málþingið var hugsað sem mikilvægur vettvangur til að fá frekari upplýsingar um stöðu mála, stilla saman strengi og skiptast á skoðunum um ýmis álitamál. Þar gafst tækifæri til að ræða mörg af brýnustu úrlausnarefnum líðandi stundar í þremur málstofum um leið og hugað var að langtíma markmiðum skólastarfsins með kynningu á nýjum námskrám.

Ráðuneytið stóð að undirbúningi menntaþingsins en fékk til liðs við sig fulltrúa frá Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Heimili og skóla og fræðasamfélaginu til að taka þátt í undirbúningi og vera borðstjórar í málstofum. Hægt er að nálgast helstu niðurstöður málþingsins á vef ráðuneytisins en Guðrún Geirsdóttir ráðstefnustjóri kynnti þær í lok þingsins. Greiningu á niðurstöðum hópanna er enn ekki endanlega lokið.

Samræða um gömul og ný álitamál

Málstofa um velferð í skólasamfélaginu á tímum þrenginga

Í ræðu sinni lagði ráðherra þunga áherslu á að allir aðilar sem koma að skólalagði taki höndum saman um að stuðla að frekari velferð nemenda og jafnframt viðhalda vinnugleði og jákvæðum starfsanda í skólum. Mikilvægt er að kennarar geti fengið sérfræðistuðning og ráðgjöf til að bregðast við erfiðleikum sem koma upp í kennslustofunni hvort sem þeir tengjast einstaklingum eða hópum. Guðni Ólgeirsson velti upp áleitnum spurningum í innleggi sínu. Helstu niðurstöður úr hópavinnunni voru þær að styrkja þyrfti hlutverk umsjónarkennara, auka nemendalýðræði, samvinnu kennara, nemenda og foreldra með áherslu á samkennd, umhyggju og virðingu. Nota þarf hvatningu og hrós til að vinna að þessum markmiðum. Að margra mati á skólinn að vera hjartað í samfélaginu og þannig var minnt á hlutverk hans í nærsamfélaginu.

Málstofa um framhaldsskóla fyrir alla

Framhaldsskólinn er það skólastig þar sem vænta má mestra breytinga í kjölfar menntalaganna frá 2008. Þess vegna var haldin sérstök málstofa um málefni hans. Mikilvægt er að vel takist til við að þróa framhaldsskólann svo að hann geti sem best þjónað breiðari hópi nemenda, veitt öllum nám við hæfi. Dr. Gestur Guðmundsson velti upp áleitnum spurningum í innleggi sínu. Þær spurningar sem lagðar voru til grundvallar í málstofunni snertu a) aðgerðir gegn brottfalli, b) tengsl skóla og atvinnulífs, c) aukinn jöfnuð til náms, d) ólíka aldurshópa nemenda og e) almennt menntunarhlutverk framhaldsskólans.

[Vefur menntaþingsins](#) verður áfram opin. Nánari úrvinnslu á niðurstöðum má vænta þar innan skamms.

Námskrár í mótun

Kynnt var sú vinna sem farið hefur fram í ráðuneytinu um mótun menntastefnu í kjölfar nýrra menntalaga. Sérstaklega var fjallað um undirbúning almenns hluta nýrrar aðalnámskrár fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Starfsmenn stefnumótunar- og þróunardeildar ráðuneytisins kynntu lykilhugtök menntastefnunnar sem byggja á markmiðsgreinum laganna. Við endurskoðun aðalnámskrár er tekið mið af niðurstöðum vinnuhópa sem unnið hafa að sameiginlegum almennum hluta fyrir öll skólastig og hafa m.a. útfært fimm grunnþætti menntastefnunnar sem ráðherra leggur áherslu á; læsi í víðum skilningi, jafnrétti, lýðræði og mannréttindi, sjálfbærni og skapandi starf.

Málstofa um endurskipulagningu skólakerfisins

Meginspurning málstofunnar var: Hvernig getum við endurskipulagt nám í grunn- og framhaldsskólum þannig að úr verði betra og heildstæðara stofnanakerfi? Umræða um námstíma hefur að mestu snúist um styttingu framhaldsskólans en ráðherra lagði á það áherslu að mikilvægt væri að skoða almennt nám frá leikskóla til loka framhaldsskóla í órofa samhengi óháð núverandi skilum milli skólastiga eða skipulagi stofnana. Með því gætu skapast fleiri möguleikar. Þessari spurningu fylgdu þó engar sérstakar áætlanir um breytingar heldur var hún sett fram til að skapa frjóa umræðu um málefnið. Dr. Gerður G. Óskarsdóttir bar fram rök fyrir styttingu námstíma óháð útfærslu.

Hér gefur að líta niðurstöður frá öllum einstaklingum sem þátt tóku í hópunum. Niðurstöður mótast að sjálfsgöðu af þeim hópi sem þátt tók í ráðstefnunni og þeim upplýsingum sem lagðar voru fram á þinginu. Yfir 80% þátttakenda voru starfsfólk í skólum en stjórnendur voru talsvert fleiri en kennarar.

A Stytting framhaldsskólans	22%
B Stytting námstíma dreift á framhaldsskóla og grunnskóla	64%
C Stytting grunnskólans	11%
D Ekki stytting á námstíma	0%
E Heildstæð endurskoðun	3%

Niðurstöður á svörum úr málstofu um endurskipulagningu skólakerfisins. (um 100 þátttakendur).

Niðurstæða málstofunnar var í meginráttum sú að þátttakendum fannst mikilvægt að skoða skólakerfið heildstætt í stað þess að skoða hvert skólastig fyrir sig. Einnig var lögð áhersla á mikilvægi flæðis á milli skólastiga og að samvinnu og samræðu á milli þeirra þyrfti að auka til muna.

